

170. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 29. maí 2024 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson á teams, Magnús Jónsson og Sigrún Birna Björnsdóttir, einnig Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður Stefáns Boga Sveinssonar og Björg Eypórsdóttir varamaður Þuríðar Lillyjar Sigurðardóttur. Auk þessu mætti áheyrnarfulltrúinn Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 169. fundar undirrituð og staðfest.
2. Gangurinn í skólastarfinu.
3. Gjaldskrárhækkanir.
4. Starfsmannamál haustannar.
5. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 169. fundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 169. fundar var undirrituð og staðfest.

2. Gangurinn í skólastarfinu

Skólameistari sagði frá starfinu frá því í apríl þegar fundað var síðast. Dimmisjón og vorferð gengu vel. 51 nemandi útskrifaðist þann 18. maí en athöfnin fór fram í Valaskjálfi. Starfsdagar voru haldnir á þriðjudegi og miðvikudegi eftir hvítasunnu og gengu þeir vel. Umsóknir nýnema liggja fyrir um 10. júní. Útlit er fyrir að fjöldinn verði um 55 nemendur. 80 nemendur hafa sótt um heimavist. Bréf verða send út um 18. júní. Skólameistari sagði frá því að í kjölfar þess að samningi um kennslu fjarnema var sagt upp var stofnuð vinnumatsnefnd. Vinnumatsnefndin sendi bréf til ráðuneytis með beiðni um að sýnidæmi yrði útbúið fyrir kennslu blandaðs hóps dagskólanema og fjarnema. Þeirri vinnu er ekki lokið. Næsta skólaár mun verða greitt til kennara sama fyrir fjarnemendur og dagskólanemendur nema sýnidæmi og viljrði um greiðslu liggja fyrir af hálfu ráðuneytisins. Umræða skapaðist um gildi fjarnáms fyrir skólann og nemendur sem þurfa það nám.

3. Gjaldskrárhækkanir

Skólameistari fór yfir tillögur að gjaldhækkunum. Þar er tillaga um 2000 kr. hækkun í greiðslu til nemendafélagsins. Innritunargjald dagskólanema á önn yrði þá samtals 18.000 kr. Tillaga um að heimavistargjald á mánuði fari úr 20.000 kr. í 25.000 kr. á mann fyrir 2 og 3 manna herbergi og úr 35.000 kr. í 40.000 kr. fyrir einstaklingsherbergi. Lagt er til að stök máltíð í mötuneyti ME hækki úr 1375 kr. í 1500 kr. Þá verður verð á föstu fæði 250.000 kr næstu haustönn. Lagt er til að 10 miða matarkort muni kosta 13.000 kr. Engar aðrar tillögur bárust. Tillögurnar eru samþykktar.

4. Starfsmannamál haustannar 2024

Dagur Skírnir Óðinsson kemur aftur til starfa úr launalausum leyfi. Rannveig Þórhallsdóttir fer í launalaust leyfi næsta skólaár. Helga Þorleifsdóttir félagsráðgjafi sem var í afleysingu hefur verið fastráðin. Hildur Bergsdóttir hefur sagt upp. Ráðin hefur verið Sigríður Gunnarsdóttir sem kennslustjóri starfsbrautar og Elín Ása Heiðarsdóttir sem kennari í stærðfræði. Soffía Ingvarsdóttir mun því láta af störfum frá og með 1. ágúst. Ólöf Björk Bragadóttir er hætt kennslu við ME frá 1. ágúst og Elva Rún Klausen hefur verið ráðin í kennslu á listabraut. Bergþóra Arnórsdóttir fór í launalaust leyfi í 1 ár og Eyrún Arnardóttir mun leysa hana af. Sigþór

Atli Björnsson mun leysa Eyrúnu af í efnafræðikennslu og skyldum greinum. Sigríður Júnía Ástráðsdóttir aðstoðarkennari á starfsbraut hefur sagt upp.

5. Önnur mál

- a) Skólameistari ber upp tillögu að breyttu skóladagatali næsta skólaárs. Bætt var við námsmatsdögum og útskrift vorannar færð um 1 dag, til laugardagsins 24. maí. Skólanefnd gerði ekki athugasemdir við það fyrir sitt leyti.
- b) Skólameistari sagði frá umræðu á starfsdögum í maí.
- c) Næsti fundur verður í haust.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.00.

Skúli Björn Gunnarsson

Magnús Jónsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Þorvaldur P. Hjarðar

Björg Eyþórsdóttir

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Magnús Jónsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Þorvaldur P Hjarðar

Björg Eypórsdóttir